



**Á döfinni:**
Vinningstillaga Graeme Massie í samkeppninni Akureyri í öndvegi árið 2005. Keppt var um framtíðarskipulag miðbæjar Akureyrar. Unnið er að útfærslu deiliskipulags í samráði við Akureyrarbæ.

KOLLGÁTA
arkitektúr - hönnun

ÁSPRENT



Kortið er gefið út af Kollgátu ehf. og Ásprenti-Stíl ehf.

Fyrirhuguð er útgáfa fleiri korta um byggingarlist á Akureyri.

# Gönguferð um Akureyri

## Leið A

4,5 km

Gönguferð um miðbæ og innbæ Akureyrar
þar sem bent er á nokkrar markverðar byggingar.



**Strandgata 3**
- a. 1998.
- b. Úti og inni ehf.
- c. Bygging hússins mætti töluverði andstöðu meðal ýmissa bæjarbúa en hlaut verðlaun Menningarmálanefndar Akureyrarbæjar.



**Amtsbókasafnið**
- a. 1968, og 2004.
- b. Eldri bygging: Bárður Ísleifsson og Gunnlaugur Halldórsson. Viðbygging: Guðmundur Jónsson.
- c. Safnið var fyrst í Laxdalshúsi, en 1933 var efnt til samkeppni til minningar um aldarafmæli Matthíasar Jochumssonar.



**Oddeyrargata 26-36**
- a. 1926-34.
- c. Húsaröðin er ágætt dæmi um íslenska steinsteypuklassík á fyrri hluta 20. aldar.



**Helgamagrastræti 1-13**
- a. 1935.
- b. Þórir Baldvinsson.
- c. Ein af fyrstu íbúðarhúsum á Akureyri byggð í fúnkisstíl. Húsin eru reist fyrir Byggingarsamvinnufélagið á Akureyri.



**Sundlaug Akureyrar**
- a. 1949, 1997-2006.
- b. Guðjón Samúelsson / Bárður Ísleifsson. Viðbygging: Form.
- c. Viðbyggingin fékk 1. verðlaun í lokaðri samkeppni.



**Íþróttahúsið Laugargötu**
- a. 1941.
- b. Guðjón Samúelsson.
- c. Fyrirhugað var að byggja stóran íþróttasal vestan við núverandi byggingu en aldrei varð úr því.



**Brekkuskóli/Gagginn**
- a. 1942 og 2007.
- b. Húsameistari ríkisins: Bárður Ísleifsson. Endurbygging: arkitektur.is.
- c. Endurgerðin fékk 1. verðlaun í lokaðri samkeppni.



**Kaupvangsstræti 29, Kartöflugeymslan**
- a. 1937, endurgerð 2005.
- b. Hönnun endurbóta: Kollgáta ehf.
- c. Kartöflugeymslunni var bjargað frá niðurrifi á síðustu stundu af verktakanum sem átti að rífa hana. Fékk verðlaun Menningarmálanefndar Akureyrar árið 2005.



**Akureyrarkirkja og safnaðarheimili**
- a. 1940 og 1990.
- b. Guðjón Samúelsson, Húsameistari ríkisins, Safnaðarheimili: AVH. ehf
- c. Staðsetning kirkjunnar var umdeild á sínum tíma. Gluggi í kirkjunni er úr dómkirkjunni í Coventry sem var jöfnuð við jörðu í síðari Heimsstyrjöldinni af Þjóðverjum.



**Kaþólska kirkjan - Péturskirkja, Hrafnagilsstræti 2**
- a. Húsið varð kapella 1954, breytt í kirkju með safnaðarsal árið 2000.
- b. Kristjana Aðalgeirsdóttir
- c. Endurgerðin fékk verðlaun Menningarmálanefndar Akureyrarbæjar.



**Barðstún 1**
- a. 1966.
- b. Arkitekt: Dr. Maggi Jónsson.
- c. Dr. Maggi teiknaði einnig Blönduóskirkju og Náttúrufræðihúsið í Vatnsmýrinni.



**Menntaskólinn á Akureyri**

Gamli skóli: 1904, Sigtryggur Jónsson.
Möðruvellir: 1969, Skarphéðinn Jó.
Hólar: 1996, Arkitektar Grófargili.
Heimavist MA, Lundur: 2003, AVH.
Heimavist MA, (eldri) 1946-1970.

- c. Hólar hlaut 1. verðlaun í samkeppni.




# Gönguferð um Akureyri **Leið A** 4,5 km

a. Byggingarár b. Byggingaraðili c. Aðrar upplýsingar



**Líkhús og kapella Kirkjugarða Akureyrar, Naustagötu**
- a. 1993.
- b. Arkitekt: Svanur Eiríksson.
- c. Húsið hefur sterka skírskotun til Glerárkirkju sem Svanur teiknaði einnig.



**Norð-vesturhorn Lækjargötu og Aðalstrætis**
- a. Elsta húsið frá 1823 (Lækjargata 2a, Frökenarhús, annað elsta hús Akureyrar).
- c. Eina heildstæða götumyndin sem eftir stendur af 19. aldar Akureyri.



**Aðalstræti 14, gamli spítalinn**
- a. 1836.
- b. Sigtryggur Jónsson.
- c. Húsið var spítali og einnig eina baðhús bæjarins á þeim tíma þar sem hægt var að fá baðferð með steypibaði fyrir 75 aura.



**Aðalstræti 16**
- a. 1900.
- b. Sigtryggur Jónsson
- c. Húsið olli miklum átökum á milli byggingarnefndar og amtmanns vegna svalgangs hússins sem einnig var göngustígur bæjarins. Svo fór á endanum að allir nefndarmenn byggingarnefndar óskuðu eftir lausn frá störfum vegna óánægju sinnar með þennan framgang og fengu það.



**Aðalstræti 46, Friðbjarnarhús.**
- a. 1851.
- b. Friðbjörn Steinsson bókbindari bjó í húsinu. Hann var stórtækur í sveitarstjórnarmálum og sat í flestum nefndum og ráðum bæjarins í um 15 ár.
- c. Góðtemplararegla Íslands var stofnuð í þessu húsi á árum Friðbjarnar.



**Aðalstræti 52**
- a. 1856 og viðbygging 1988.
- b. Viðbygging: Hjörleifur Stefánsson.
- c. Árið 1890 var þar ræktaður fyrsti trjágarður bæjarins.



**Aðalstræti 54**
- a. 1849.
- b. Páll Magnússon byggði.
- c. Heimili Jóns Sveinssonar, "Nonna".



**Kirkjan við Aðalstræti**
- a. Byggð á Svalbarðseyri 1846, flutt til Akureyrar 1976.
- b. Þorsteinn Daníelsson.
- c. Kirkjan var flutt á grunn gamallar kirkju sem var afvígð 1940 og rifin 1944 eftir að breski herinn hafði notað hana sem geymslushús.




**Aðalstræti 58, Kirkjuhvoll, Minjasafnið á Akureyri**
- a. 1933, og 1977.
- b. Eldra hús: Sveinbjörn Jónsson, Viðbygging: Stefán Jónsson
- c. Eitt fyrsta húsið í fúnkisstíl á Akureyri.



**Hafnarstræti 11, Laxdalshús**
- a. 1792.
- b. Byggt fyrir G.A. Kyhn.
- c. Elsta hús á Akureyri. Lengst af notað sem verslunarhús. Búið var í húsinu allt til ársins 1978. Eina húsið sem eftir stendur í röð líkra húsa sem brunnu 1901. Nú standa við hlið hússins þrjú hús í fúnkisstíl.



**Hafnarstræti 18, Túliníusarhús**
- a. 1901.
- b. Sigtryggur Jóhannesson og Jónas Gunnarsson voru yfirsmiðir.
- c. Byggt fyrir Ottó Túliníus kaupmann.



**Hafnarstræti 20, Höepfnershús**
- a. 1911.
- c. Byggt fyrir Carl Höepfner verslunarmann.



**Hafnarstræti 49**
- a. 1895.
- b. Byggt fyrir Pál Briem amtmann.
- c. Stóð við bygginu utan bæjarmarka Akureyrar.



**Hafnarstræti 53, barnaskólinn**
- a. 1900.
- b. Bergsteinn Björnsson.
- c. Þótti bera af öllum skólahúsum landsins á sínum tíma. Fyrstu árin var í kjallara hússins rekin gosdrykkjaverskmiðja þar sem m.a. var framleitt sódavatn, hindberjalímónaði og jarðarberjalímónaði ásamt fleiru.



**Hafnarstræti 57, Samkomuhúsið**
- a. 1907.
- c. Þarna hafa frá upphafi verið haldnar leiksýningar og aðrar samkomur. Um tíma voru bæjarstjórnarfundir einnig haldnir í húsinu.



**Eyrarlandsvegur 3, Sigurhæðir – Hús skáldsins Matthíasar Jochumssonar.**
- a. 1903.
- b. Matthías lét byggja húsið 1903 og bjó þar til dauðadags 1920.



**Hafnarstræti 94, Hamborg og Hafnarstræti 96, París**
- a. 1906, og 1913.
- c. Þar hefur frá upphafi verið verslunar rekstur, þar á meðal Kókaborgarar, Cesar-fataverslun, Sporthúsið, Blómabúð Akureyrar og ekki síst stærsta leikfangaverslun landsins um tíma „Siggi Gúmm" sem var í Parísarhúsinu.



**Menningarhúsið Hof**
- a. Vinningstillaga Arkþings og Arkitema í samkeppni sem haldin var árið 2004.
- c. Húsið verður tekið í notkun árið 2010.